



flokksstarfið



Vestfirðir
Þingmenn Framsóknarflokksins Steingrímur Hermannsson og Ólafur Þórðarson halda leiðarþing á eftirtöldum stöðum:
Bíldudal föstudaginn 26. sept. kl. 21.00
Táknafirði laugardaginn 27. sept. kl. 14.00
Í Sólbergi, Patreksfirði sunnudaginn 28. sept. kl. 14.00

Kópavogur

Aðalfundur FUF verður haldinn fimmtudaginn 2. október n.k. kl. 8.30 að Hamraborg 5. Fundarfrni:
1. venjuleg aðalfundarstörf
2. önnur mál.

Stjórnin.

Bók um uppruna og sögu íslenskra lúðrasveita

Samband íslenskra lúðrasveita hefur nú í undirbúningi útgáfu bókar um upphaf og sögu íslensku lúðrasveitanna, en saga þeirra nær aftur til ársins 1876, þegar Helgi Helgason stofnaði hér hornaflokk sinn, sem ekki er betur vitað en að hafi verið um leið fyrsta hljómsveit á Íslandi.

Í þessari bók er ætlunin að segja frá þróun þessa tónlistarstarfs á þeirri öld sem síðan er liðin og starfsemi lúðrasveita hér

og þar um landið, þótt sums staðar séu lúðrasveitir aflagðar, þar sem þær á árum aður stóðu með blóma. Samband íslenskra lúðrasveita hefur sent bréf víða út um land, þar sem lúðrasveitir starfa, eða hafa starfað og hvetur stjórn þess menn til að veita þessu máli liðveislu eftir föngum, hver á sinum stað. Útgáfu bókarnar kosta lúðrasveitirnar sjálfar og hafa lagt fram verulega upphæð til hennar.



Hornaflokkur Reykjavíkur um aldamótin. Í efstu röð fyrir miðju stendur ættfaðir íslensku lúðrasveitanna Helgi Helgason. Hann heyrði fyrst til lúðrasveitar, þegar hljómsveit af dönsku varðskipi sem kom með konungsskipinu 1874 lék á Þingvöllum. Það var til þess að hann fór utan og lærði sjálfur að leika á horn, hjá Dahl hljómsveitarstjóra í Tivoli í Kaupmannahöfn.

Hlutverk

23

1980 var byggt á aðsókn árið áður og 8 leikir staðsettir í Laugardalshöllinni, en þar sem eyður mynduðust í tvö skipti á helgum vegna niðurfellingar leikja gegn erlendum liðum voru 2 leikir til viðbótar fluttir í Laugardalshöllina, ÍR-Valur hinn 1. des. og Fram-KR hinn 27. febr. Ef tekið er mið af röksemdafærslu stjórnar KKÍ í greinargerð hennar hefði aðsókn að þessum leikjum átt að hafa orðið mun meiri en að öðrum leikjum þessara félaga í Hagaskóla. Svo var ekki, og sýnir það að það eru aðrar forsendur fyrir mikilli aðsókn að körfuknattleik hér í Reykjavík en staðarvalið.

Það er orðinn jafn árviss viðburður og ýmisleg störf í landbúnaði (svo að notuð sé skemmtileg viðmiðun stjórnar KKÍ) að forusta KKÍ geysist inn á ritvöll íþróttasíðna blaðanna (í stíl við fræga söguhetju Cervantes) og brigsjar stjórn ÍBR um grófa mismunun og alvarlegt tilræði við körfuknattleiksíþróttina. Þessum ásökunum

vísar bandalagsstjórnin á bug og biður lesandann að meta hvort „spádómsgáfa“ hennar s.l. vetur hafi leitt til betri eða lakari aðstæðna fyrir körfuknattleikinn en efni stóðu til. Það er hlutverk bandalagsins að líta til og hlúa að öllum íþróttgreinum innan Reykjavíkurfélaganna en ekki að draga taum einnar á kostnað annarra.

Hreyfing

28

sem felst í úreltri og ranglátri kjördæmaskipan.

Íslenska mannréttindahreyfingin leitar stuðnings íslensks almennings og hyggst hafa gott samstarf við Íslandsdeild International Amnesty, Íslensku andófsnefndina og önnur þau samtök, er láta mannréttindamál til sín taka.

Í stjórn Íslensku mannréttindahreyfingarinnar eru Anders Hansen blaðamaður, formaður, Jónas M. Guðmundsson verslunarmaður, ritari, Arni Sigfússon kennaranemi, féhirðir, Halldór Halldórsson framkvæmdastjóri, meðstjórnandi, og Sveinn Guðjónsson blaðamaður, meðstjórnandi.

Haustsýning FÍM 1980

að Kjarvalsstöðum

AB — Frá 27. september til 12. október mun haustsýning FÍM standa yfir að Kjarvalsstöðum. 5 myndlistarmenn mynda kjarna sýningarinnar. Það eru þau Asgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall.

A sýningunni verða teikningar, málverk, vatnslitamyndir, glermyndir, vefnaður og myndir unnar úr leir.

FÍM hefur látið prenta fimm gerðir póstkorta eftir myndverkum þeirra sem eru gestir haustsýningarinnar og verða þau til sölu á sýningunni.



Nú er unnið að uppsetningu sýningarinnar. Frá vinstri sitja Leifur Breiðfjörð, Asgerður Búadóttir og Þórður Hall, en þau eru þeir myndlistarmenn sem flest verk eiga á sýningunni. Tímamynd-Róbert.

Ljósavél — Útungunarvél

Til sölu 4 kw Lister Ljósavél. Ný uppgerð. Einnig óskast útungunarvél á sama stað. Upplýsingar í síma 44341.

JL húsið

Jón Loftsson hf.

Hringbraut 121

Sími 10600

Nú umbyltum við í
JL-húsinu
Teppadeild

opnar í nýju og glæsilegu húsnæði á 3ju hæð yfir Bað- og gólfdukkadeild á 2. hæð

Einnig opnum við í

JL-húsinu
matvörumarkaðinn
á 1. hæð (væntanlega í nóvember)

Húsgagnaúrvalið
sjaldan meira

ATH. hina hagstæðu
JL-kaupsamninga með
mánaðargreiðslum

JL húsið

Jón Loftsson hf.

Hringbraut 121

Sími 10600